

***Vinir Snæfellsjökuls*-Hollvinasamtök Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls**

Fundargerð stofnfundar.

Stofnfundur Hollvinasamtaka þjóðgarðsins Snæfellsjökuls var haldinn í Veitingahúsinu Gilinu í Ólafsvík þriðjudaginn 12. Júní árið 2012 kl. 20:30. Til fundarins var boðað af undirbúningsstjórn samtakanna í samstarfi við Guðbjörgu Gunnarsdóttur þjóðgarðsvörð og Skúla Alexandersson fulltrúa í ráðgjafanefnd Þjóðgarðsins.

Fundarstjóri Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ setti fundinn og bauð fundargesti velkomna fyrir hönd undirbúningsstjórnarinnar og kynnti dagskrá fundarins sem hafði verið auglýst með fundarboðinu. Hann flutti kveðju frá Sif Friðleifsdóttur alþingismanni sem var umhverfisráðherra þegar Þjóðgarðurinn var stofnsettur.

Þess skal getið hér í fundargerðinni, en á það var minnst lauslega á fundinum, að í september 1994 skipaði umhverfisráðherra, Össur Skarphéðinsson, undirbúningsnefnd um stofnun þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi undir forustu Sturla Böðvarssonar. Aðrir í nefndinni voru Sveinn Þór Elinbergsson, Margrét Björk Björnsdóttir, Skúli Alexandersson, Magnus Eiríksson. Starfsmaður nefndarinnar var Ólafur Sveinsson forstöðumaður Atvinnuráðgjafar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Nefndin skilaði Guðmundi Bjarnasyni umhverfisráðherra lokaskýrslu í júlí 1997 og var hún grunnur að vinnu við þjóðgarðsstofnunina. Hinn 14. maí 2001 skipaði umhverfisráðherra, Sív Friðleifsdóttir, starfshóp til að vinna að og undirbúa stofnun þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi. Starfshópin skipuðu Ásbjörn Óttarsson, Kristinn Jónasson, Pétur S. Jóhannsson, Guðríður Þorvarðardóttir og Stefá Jóhann Sigurðsson, sem skipaður var formaður nefndarinnar. Þjóðgarðurinn var stofnaður 28. júní 2001.

Gengið var til dagskrár.

1. Kristín Linda Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar flutti ávarp og lýsti ánægu með þau áform að stofna ætti samtök hollvina sem veittu starfsemi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls stuðning. Hún lýsti aðdraganda að stofnun þjóðgarðsins og helstu verkefnum sem framundan væru og tengdust starfsemi hans. Hún gat þess hverjir hefðu staðið að undirbúningi þess að boðað er til fundar um stofnun Hollvinasamtaka. Undirbúningsstjórn skipuðu Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, Gísli Ólafsson formaður bæjarráðs í Grundarfirði, Guðbjartur Gunnarsson oddviti Eyja og Miklaholtshrepps, Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar og Sturla Böðvarsson framkvæmdastjóri Þróunarfélags Snæfellinga. Með þeim hafa unnið eins og að framan er getið Guðbjörg Gunnarsdóttir og Skúli Alexandersson. Þakkaði hún í nafni Umhverfisstofnunar þá vinnu sem innt hefur verið af hendi til stuðnings starfsemi Þjóðgarðsins og lýsti vilja til þess að Umhverfisstofnun ætti gott samstarf við þá sem að starfi hollvina kæmu í framtíðinni.
2. Þá tók til máls Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri Vatnajökulþjóðgarðs. Lýsti hann reynslu Vatnajökulþjóðgarðs af hollvinasamtökunum Vinir Vatnajökuls. Hlutverk þeirra er einum þrennt, að styrkja rannsóknir, að styrkja kynningu á svæðinu sem þjóðgarðurinn nær yfir og að styrkja fræðslu um þjóðgarðinn og umhverfi hans. Lýsti hann ánægu með það samstarf sem þróað hefur verið. Að loknu erindinu svaraði hann fyrirspurnum.
3. Tillaga að lögum um Hollvinasamtök þjóðgarðsins Snæfellsjökuls lögð fram en framkvæmdastjóri Þróunarfélags Snæfellinga hafði unnið drögin í samstafi við undirbúningsstjórnina. Lögin eru mjög sniðin að því sem er í lögum sambærilegra samtaka. Sturla Böðvarsson kynnti efni tillögunnar og lýsti aðdraganda þess að vinnan við að stofna hollvinasamtök var hafin. Jafnframt svaraði hann fyrirspurnum um tillöguna.
4. Að lokinni kynningu og umræðu um tillöguna að lögum hollvinasamtakanna bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði og voru lögin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum fundarmanna. Hollvinasamtökin voru því formlega stofnuð

með þeirri atkvæðagreiðslu. Samkvæmt lögnum bera samtökin nafnið **VINIR SNÆFELLSJÖKULS - hollvinasamtök Þjóðgarðsins Snæfellsjökull.**

5. Þá var tekinn fyrir dagskrárliðurinn kjör fyrstu stjórnar samtakanna. Fyrst var borin upp tillaga um formann stjórnar. Tillaga um Sturlu Böðvarsson sem formann var samþykkt með lófataki. Tillaga um Kristinn Jónasson sem varaformann var einnig samþykkt með lófataki. Tillaga um meðstjórnendurna Gyðu Steinsdóttur, Guðbjart Gunnarsson og Gísla Ólafsson var einnig samþykkt með lófataki. Þau eru því rétt kjörin í stjórn og skipta að öðru leyti með sér verkum í samræmi við lög samtakanna.
6. Þá var tekinn fyrir dagskrárliðurinn „Hinsta ferð Jóhannesar Helgasonar útskurðarmeistara frá Hellnum“. Sæmundur Kristjánsson frá Rifi flutti frásögn af þessum merka handverks og listamanni en eftir hann liggja margir góðir gripir sem hann skar út svo sem rammi um altarisöfluna í Hellnakirkju sem er einstakur gripur. Sagði Sæmundur frá lífshlaupi Jóhannesar, menntun og hinstu för hans sem lá um það land þar sem nú er Þjóðgarðurinn. Hann varð úti á leið sinni frá Hellnum til Hellissands árið 1920 . Var gerður góður rómur að frásögn Sæmundar, en þess má geta að Sæmundur sér um leiðsögn í Þjóðgarðinum.
7. **Fundar lok.** Í lok fundarins kvaddi Skúli Alexandersson sér hljóðs og þakkaði fyrir góðan fund og þakkaði einnig fyrir undirbúning stofnfundar. Nýkjörinn formaður stjórnar þakkaði það traust sem stjórninni væri sýnt með því að fela henni það verkefni að móta starf samtakanna. Þá þakkaði hann forstjóra Umhverfisstofnunar fyrir að skipuleggja þannig funduferð sína að geta setið fundinn. Hann þakkaði einnig Þjóðgarðsverði fyrir gott samstarf og sleit síðan þessum stofnfundi samtakanna **VINIR SNÆFELLSJÖKULS - hollvinasamtök Þjóðgarðsins Snæfellsjökull.**

Sturla Böðvarsson ritaði fundargerð

Kristinn Jónasson fundarstjóri